

## Bikarráðstefna norska þjálfarafélagsins 5-8 nóvember 2009

Bikarráðstefna Norska Þjálfarafélagsins er hápunktur margra norskra knattspyrnuþjálfara. Ráðstefnan er haldin í samvinnu við Norska Knattspyrnusambandið, Íþróttaháskólann í Osló og Norsk Toppfotball í tengslum við bikarúrslitaleiki karla og kvenna í Osló. Þar safnast saman á einni helgi til þess að fræðast um knattspyrnu sem og að ræða málin almennt, landsliðsþjálfarar jafnt sem þjálfarar yngstu flokka karla og kvenna hvaðanæva frá Noregi að ógleymdum erlendum gestum, þjálfurum víðs vegar að úr heiminum.



Varaformenn þjálfarafélaga Noregs og Íslands

Ráðstefnan í ár var sú 23 í röðinni og fór hún nú fram í fyrsta skipti í nýrri fundaraðstöðu á Ullevaal þjóðarleikvangi Norðmanna. Tæplega 600 manns sóttu ráðstefnuna í ár og hafa aldrei fleiri gestir verið á bikarráðstefnunni.

Ráðstefnan skiptist í tvo stóra fyrirlestra fyrir allan hópinn, sá fyrri á föstudeginum en sá seinni á laugardeginum og síðan velja þátttakendur sér eitt efni (tvö) við áhuga eða hæfi til að fræðast um seinni part föstu- og laugardags. Á föstudeginum fór kennsla fram í fyrirlestraformi en á laugardeginum bæði í formi fyrirlesturs og svo í framhaldi með sýnikennslu í Valhall knattspyrnuhöll Vaalerenga félagsins í Osló.



Kátir ferðalangar að nema



Erik Hamrén þjálfari ársins í Noregi í sjónvarpsviðtali

Efnistökin voru sjö að þessu sinni :

**Markvarðabjálfun** – leiðbeinandi Jan Rindom

**Einstaklingsbjálfun** – leiðbeinendur : Ole Gunnar Solskjaer, Owe Salvesen, Egil Östenstad, Roar Wold

**Sérhæfð barnabjálfun** – leiðbeinendur : Stig Winsnes, Erling Fossen, Otto Ulseth, Svein Tuastad

**Sálfræði í knattspyrnu** – leiðbeinendur : Henrik Gustafsson, Frank Abrahamsen, Tynke Toering

**Leikstíll og leikfræði** – leiðbeinendur : Knut Törum, Per-Mathias Högmo, Nils Johan Semb

**Styrktar-og þolbjálfun** – leiðbeinendur : Ulrik Wisløff, Peter Krstrup, Kelvin B. Giles, Matiu Taingahue

**Liðsstjórnun - leiðbeinendur** : Yngvar Ommundsen, Trond Nordsteien, Luis Berkemeier Pimenta, Andy McKnight, Björn Hansen

Fyrri stóra fyrirlesturinn flutti Ole Gunnar Solskjaer þjálfari hjá Manchester United og vildi svo skemmtilega til að þetta var fyrsti fyrirlestur Solskjaer fyrir framan slíkan fjölda sem í salnum var. Solskjaer fjallaði um í fyrirlestri sínum uppbyggingu þjálfunar hjá Manchester United, allt frá yngstu iðkendum til aðalliðsins, umhverfi, hugmyndafræði o.s.frv.. og fór yfir allt sviðið og tengdi það sínum eigin ferli og uppbyggingu í Noregi er hann var sjálfur ungur. Það kom skýrt fram hjá honum að algjört lykilatríði fyrir því að ná árangri sem leikmaður væri fyrir leikmanninn að virkilega elska það að spila knattspyrnu ! Fyrirlestur Solskjaer var upplýsandi og skemmtilegur og var virkilega gaman og fróðlegt að kanna sviðið hjá einu af allra stærstu knattspyrnufélögum heimsins.



### Ole Gunnar Solskjaer í fyrirlestri sínum

Seinni stóri fyrirlesturinn var í nokkurskonar spjallformi þar sem Jan Age Fjortoft og Rune Bratseth ræddu við Otto Rehaegel á þýsku og þýddu jafnóðum yfir á norsku. Rehaegel fór algerlega á kostum á sviðinu ásamt fjörkálfinum Fjortoft og Bratseth sem léku undir hans stjórn hjá Werder Bremen. Rehaegel ræddi um feril sinn sem er langur og athyglisverður, EM sigurinn með Grikkjum, hugmyndafræði sína, minnisstæða leikmenn og atvik á ferlinum og hvernig hann vann úr þeim og hvað þeir/þau kenndu honum sem þjálfara, o.fl .. Margt athyglisvert kom fram hjá þessum gríðarsnjalla þjálfara en ljóst var þó að hans mati að það sem skipti mestu máli fyrir þjálfara til þess að ná árangri væri hæfileikinn við að umgangast annað fólk !



Otto Rehagel ásamt Teddy Moen framkvæmdastjóra Norska Þjálfarafélagsins og Jan Age Fjortoft

Sjálfir bikarúrslitaleikirnir voru hin besta skemmtun og var framkvæmd og umgjörð leikjanna framúrskarandi og eitthvað sem við Íslendingar mættum taka okkur til fyrirmyndar. Kvennaleikurinn fór fram síðdegis á laugardeginum í Telenor Arena knattspyrnuhöll Stabæk liðsins og karlaleikurinn á sunnudeginum á Ullevaal leikvanginum.



Stórkostleg stemning á bikarúrslitaleiknum

Það er okkar mat að Bikarráðstefna Norska Þjálfarafélagsins ár hvert er ein faglegasta ráðstefna á Norðurlöndum sem boðið er upp á fyrir knattspyrnuþjálfara. Gott skipulag, góð efnistöð og góðir leiðbeinendur einkenna ráðstefnuna og skorum við á íslenska þjálfara að nýta sér þennan vettvang mun betur en gert hefur verið undanfarin ár. Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands er í góðu sambandi við kollega okkar í Noregi og er auðvelt fyrir stjórnarmenn félagsins að greiða leið íslenskra þjálfara á ráðstefnuna



Þórir tilbúinn á úrslitaleik karla



Hluti af þátttakendum á lokadeginum